

10. maí 2022, kl 18:00 – 19:30.
Félagsheimilið Borg

Fundur E listans með íbúum sem búa í sumarhúsum.

E listi sem býður fram til sveitastjórnakosninga í Grímsnes- og Grafningshreppi í maí 2022, fundaði með íbúum hreppsins sem búa í heilsárshúsum, sem oftast eru kölluð sumarhús.

Mættir á fundinn voru fjórir fulltrúar E listans: Ása Valdís oddviti og sitjandi sveitarstjóri, Björn, Steinar og Smári. Einnig voru mættir 12 íbúar hreppsins sem eiga lögheimili í hreppnum án þess að vera staðsettir í hús, eða eru með lögheimilið „ótilgreint, 805 Selfossi“. Þessir íbúar komu frá mismunandi sumarhúsahverfum eins og Öndverðarnesi, Bjarkarborgum og Kerhólum.

Íbúarnir höfðu áhuga á að heyra frá E lista hverjar þeirra áherslur væru í málefnum íbúa sem sannarlega búa allan ársins hring í sumarhúsum sínum. Einkum brann á fundargestum, að fá að vita hvaða skref E listinn hyggst taka til að koma til móts við nýja tíma þar sem sífellt fleiri íbúar um allt land kjósa að búa allan ársins hring í sumarhúsunum sem oft á tíðum eru fínar fasteignir með allt sem lögheimili krefst.

E lista fólk kynnti starf sitt á liðnu kjörtímabili í þágu sumarhúsa fólks s.s. betra grenndargáma svæði með góðum flokkunum sorps ásamt bættu upplýsingaflæði til íbúa í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, hefðbundinn póst og tölvupóst.

Fram kom óánægja margra íbúa með fyrirhugaða aukna námavinnslu í Seyðishólum með tilheyrandi aukinni umferð og ónæði fyrir sumarhúsa íbúa í nágrenni Seyðishóla.

Rætt var um brunavarnir og aukna hættu á skógareldum og styrk sem sveitarfélagið býður sumarhúsafélögum til að útbúa flóttaleið.

Einnig komu fram vandræði sem íbúar hafa lent í vegna skorts á opinberu heimilisfangi, þegar senda á upplýsingar til viðkomandi eða þegar sækja þarf um þjónustu ríkis eða sveitarfélags s.s. heimilisuppbót. Fólk lendir einnig í vandræðum með póstsendingar þar sem þjónusta póstsins býður ekki upp á póstsendingar til fólks sem ekki hefur skráð heimilisfang í tiltekið hús.

Fram kom sú hugmynd sumarhúsafólks að komið yrði á fót samráðshópi með fulltrúum frá sveitarstjórn og fulltrúum íbúa sumarhúsa þar sem fundnar yrðu leiðir til að taka skref fram á við og þróa þetta búsetuform þannig að allir geti vel við unað. Hægt er að taka lítil skref í þá átt en fyrst þarf að fara yfir möguleika og hindranir sem eru á leiðinni og finna lausnir. Fulltrúar E lista tóku vel í hugmynd um samráðshóp.

Fundargerð ritaði

Heiða Björk Sturludóttir, Bjarkarbraut 26, Bjarkarborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi